

Orkustofnun
Bryndís G Róbertsdóttir,
land og jarðfræðingur
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 28. maí 2018
2018050011/42-8

TB
tb

Umsókn Björgunar ehf. um leyfi til leitar og rannsókna á mög og sandi af hafsbotni í Þerneyjarsundi í Kollafirði

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 7. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Björgunar ehf. um leyfi til leitar og rannsókna á möl og sandi af hafsbotni í Þerneyjarsundi í Kollafirði.

Eins og kemur fram í erindinu þá er umsóknin gerð vegna hugsanlegra flutninga Björgunar ehf. frá Sævarhöfða í Álfsnesvík og er í því sambandi unnið að mati á umhverfisáhrifum vegna þess flutnings í heild sinni þ.m.t. fyrirhugaðri dýpkun og staðsetningu á innsiglingarrennu. Sótt er um leyfi til að taka sýni á fjórum stöðum, um 150-200 kg á hverjum stað með 1,5 m millibili frá óhreyfðu yfirborði niður á 7 m dýpi.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að leyfi til framangreindra rannsókna verði veitt enda ólíklegt að rannsóknirnar valdi mikilli röskun og þær hluti af mati á umhverfisáhrifum þar sem áhrif fyrirhugaðra flutninga Björgunar ehf í Álfsnesvík verða metin í heild þ.m.t. efnistaka á hafsbotni.

Virðingarfyllt



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

